

## **Aðalfundur Prentsöguseturs 20. apríl 2026**

**Fundarstaður:** Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. **Fundartími:** 16:15. **Mættir:** 20

### **Dagskrá fundar:**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning fjögurra annarra stjórnarmanna og tveggja til vara
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

### **1. Kosning fundarstjóra og ritara**

Jón Trausti setur fundinn kl. 16.15. Hann leggur til að Díana taki að sér fundarstjórn og Katrín taki að sér fundarritun, það var samþykkt. Díana byrjar á því að kanna lögmæti fundarins, fundurinn var auglýstur á heimasíðu, facebook síðu félagsins og með tölvupósti til félagsmanna þann 6. apríl. Ítrekun var sett á facebook síðu félagsins 18. apríl.

### **2. Skýrsla stjórnar lögð fram**

Jón Trausti Harðarson, formaður, las skýrslu stjórnar.

Í upphafi minntist formaður Heimis Brynjúlfs Jóhannessonar, sem lést þann 7. desember 2025, 95 ára að aldri. Heimir var einn af helstu hvatamönnum þess að Prentsögusetur var stofnað á sínum tíma og helgaði því krafta sína í stjórnarstörfum. Hugur hans var hjá setrinu allt til loka, en hann var dýrmætur liðsmaður sem lagði félaginu mikið lið. Hann sýndi félaginu ómetanlegan velvilja með því að ánafna Prentsögusetri tæki prentsmiðjunnar, auk þess sem hann bauð fram húsnæðið á meðan hann hafði yfirráð yfir því. Formaður þakkaði Heimi fyrir starf hans í þágu félagsins og íslenskrar prentsögu. Fundargestir risu úr sætum til að votta honum og minningu hans virðingu.

Síðasti aðalfundur var haldinn 8. apríl 2025. Stjórnina skipuðu Jón Trausti Harðarson, Ævar Rafn Kjartansson, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Sigurfinnsdóttir og Katrín Jónsdóttir. Varamenn voru Ágúst Guðjónsson og Lilja Rut Benediktsdóttir.

Megináhersla ársins hefur verið á undirbúning sýningarhúsnæðis í Skálholti. Starfið í Skálholti einkenndist af miklum krafti og fórnfýsi félagsmanna. Margar vinnuferðir voru farnar austur þar sem tæmt var úr rýmum, veggir undirbúnir og málaðir. Lokahnykkurinn í þessum áfanga var svo málun gólfa sem fram fór í febrúar, en með þessu er búið að leggja mikilvægan grunn að því að hægt sé að hefja uppsetningu sýningarinnar sjálfrar. Þann 18. apríl tókst að flytja stærstan hluta gripa úr gámum upp í Skálholt. Katrín Jónsdóttir og Málfríður Finnbogadóttir hafa unnið markvisst að textagerð og skipulagi sýningarmuna. Þær hafa m.a. sótt ráðgjöf til bókbindara og sérfræðinga í Landsbókasafni. Stefnt er að opnun sýningarinnar á Skálholtsdögum í júlí næstkomandi.

Sótt var um styrki til nokkurra aðila (SASS, Seðlabankans, KS og Landsvirkjunar) án árangurs. Staða félagsins er þó þokkaleg og teljum við að við getum lokið uppsetningu sýningarinnar með núverandi fjármagni, svo fremi sem áfram sé byggt á hagsýni og sjálfböðavinnu.

Raki í gámum er áhyggjuefni. Í maí verður farið í gegnum alla muni, þeir ástandsskoðaðir og skráðir. Til skoðunar er að festa kaup á notuðum frystigámum þar sem þeir eru einangraðir og henta betur til geymslu.

Prentsögusetur tekur þátt í „Degi prents og hönnunar“ þann 13. maí nk. hjá Iðunni. Málfríður Finnbogadóttir flytur fyrirlestur um mikilvægi prentmenningar og uppbygginguna í Skálholti. Setrið verður einnig með kynningarbás þar sem starfsemin verður kynnt.

Að lokum þakkar formaður fyrir samstarfið á liðnu ári og hvetur félagsmenn til að taka þátt í komandi verkefnum, sér í lagi við lokafrágang sýningarinnar í sumar.

Jón Trausti lýkur sínu máli og Díana býður upp á spurningar.

Svanur Jóhannesson tók til máls og óskaði eftir skýringum á því hvers vegna ekki væri lengur hægt að útskrifast sem bókbindari hér á landi og hvort faggreinin hefði hreinlega verið lögð niður í skólakerfinu.

Georg Páll Skúlason svaraði fyrir hönd skólans og útskýrði núverandi stöðu og þær breytingar sem orðið hafa. Hann benti á að nemum hefði fækkað verulega. Að síðastliðin 15 ár hafi ekki náðst að útskrifast einn að meðaltali á ári úr bókbandi. Vegna þessa hafi skólinn þurft að leita nýrra leiða til að tryggja framgang fagsins, þar sem rekstur sérstakrar námsbrautar í bókbandi einni og sér hafi verið mjög krefjandi. Í dag útskrifast þessir nemar sem grafiskir miðlar (prentsmiðir) með sérstaka áherslu á bókband, í stað þess að bókband sé sjálfstæð námsbraut. Georg nefndi að horft hefði verið til fyrirkomulags á Norðurlöndunum

við þessa mótun. Þar er algengt að kenna grafíska miðlun sem grunn og tengja svo saman prentun eða bókband (vélgreinar) sem eina heildstæða námsleið. Georg benti á að á sínum tíma þegar grafísk miðlun varð til voru nokkrar iðngreinar sameinaðar. Sú sameiningar hafi verið viðbragð við tækniþróun þar sem mörkin á milli faggreina urðu óljósari. Hann sagði að lokum að það væri áskorun að lögvernduðum iðngreinum sé að fækka, en sameining sé að halda þeim inni. Hann vísaði að lokum í skýrslu Grafíu um málið frá 2024.

### 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Tryggvi Þór Agnarsson, gjaldkeri, lagði fram ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Reikningar hafa verið yfirfarnir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda og skoðunarmönnum félagsins. Helstu kostnaðarliðir eru húsnæðiskostnaður sem er geymsla á gámum, rekstur heimasíðu, endurskoðun og fundarkostnaður. Félagsgjöld voru greidd af 251 félagsmönnum, líkt og á fyrra ári. En félagsmenn er nú 278. Styrkur að upphæð 310.000 kr. fékkst frá Fræðslusjóði Grafíu vegna gáamála. Reikningar voru samþykktir samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Tryggvi sagði að mikil breyting hefur orðið á geymslumálum félagsins. Gámar hafi verið fluttir á nýtt svæði hjá Sveitarfélaginu Árborg á Selfossi. Hann upplýsti einnig að núverandi gámar hafi því miður ekki haldið fyllilega vatni, að einum undanskildum. Stefnt er að því að fækka gámum í tvo og endurnýja þá t.d. fyrir frystigám án tækja til að tryggja betri geymslu og koma í veg fyrir frekari rakaskemmdir á prentminjum.

Þóra Elfa varpaði fram fyrirspurn um samsetningu félagshópsins. Tryggvi svaraði því til að félagafjöldinn endurspegladi breiddina í starfinu, því þar færi saman fjölbreyttur hópur áhugafólks um prentsögu og reynslumikið fólk úr iðnaðinum sem starfað hefur innan faggreinarinnar.

### 4. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum bárust félaginu.

### 5. Ákvörðun félagsgjalds

Stjórn lagði til að félagsgjald yrði óbreytt fyrir næsta starfsár, að upphæð 5.000 kr. Tillagan var samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

### 6-8. Kosning formanns, stjórnarmanna og skoðunarmanna.

Jón Trausti Harðarson bauð sig fram til áframhaldandi formennsku og var hann sjálfkjörinn með samhljóða samþykki fundarmanna.

Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir og Lilja Rut Benediktsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ný inn koma þau Málfríður Finnbogadóttir og Stephen Andrew Hannah. Aðrir stjórnarmenn buðu sig fram áfram. Ný stjórn var samþykkt samhljóða og er hún þannig skipuð: Formaður: Jón Trausti Harðarson. Stjórnarmenn: Ágúst Guðjónsson, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson og Ævar Rafn Kjartansson. Varamenn: Málfríður Finnbogadóttir og Stephen Andrew Hannah.

Ólafur Stolzenvald og Símon Knight buðu sig báðir fram til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga. Var það samþykkt samhljóða.

Að loknum kosningum var klappað fyrir nýrri stjórn, skoðunarmönnum og þeim sem létu af störfum þakkað fyrir sitt framlag.

## **9. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið 17:20

Katrín Jónsdóttir, ritaði